

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um stefnumótun í þróun félagsmiðstöðva fyrir fullorðið fólk

Ábyrgðarmaður: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Inngangur:

Í meirihlutasáttmála fyrir borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022 kemur fram að móta eigi heildstæða stefnu um félagsstarf og félagsmiðstöðvar velferðarsviðs.

Í stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík 2017- 2025 sem samþykkt var í borgarstjórn þann 3. október 2017 kemur fram að eldra fólk eigi að hafi aðstöðu til að hittast, þjónustan nái til óvirkra og þeirra sem eru félagslega einangraðir, félagsmiðstöðvar verði samnýttar, stutt verði við sjálfssprottið frístundastarf og aðgangur sé að íþróttamannvirkjum fyrir íþróttaiðkun og heilsueflingu, auk þess sem staðsetning félagsstarfs taki mið af aðstæðum og samgönguháttum eldra fólks.

Í aðgerðaáætlun vegna stefnu í málefnum eldri borgara í Reykjavík 2018-2022 eru aðgerðir sem tengjast félagsauð og félagsstarfi. Markmiðið er að auðvelda aðgengi að upplýsingum um félagsstarf og aðra þjónustu, vera með snemmtæka íhlutun gegn félagslegri einangrun og að félagsstarfið stuðli að tengingu milli kynslóða. Þrjár aðgerðir eru samhljóma aðgerðum í frístundastefnu.

Í umbótaáætlun sem gerð var í tengslum við þjónustustefnu Reykjavíkur eru einnig aðgerðir um félagsstarf. Flestar þeirra eru jafnframt í fyrrgreindri aðgerðaráætlun um eldri borgara að undanskildum aðgerðum um að bjóða upp á aðgengilega og fjölbreyttari dagskrá þvert á borgina og vinna að meiri þekkingarmiðlun og samræmingu á milli félagsmiðstöðva.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er þróa félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara með stefnumótandi hætti og nútímavæða þær.

Helstu verkefni:

1. Rýna skýrslu og hugmyndir starfshóps vegna undirbúnings fyrir stefnumótun um þróun félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara, frá júlí 2019.
2. Samráð við hagsmunaaðila.
3. Tillögur um markmið, aðgerðir (t.d. breytingar á félagsstarfi), frekari úrræði eða annað sem stutt getur félagsstarf og félagsmiðstöðvar velferðarsviðs.
4. Aðgerða- og tímaáætlun.
5. Kostnaðarmat á tillögum og aðgerðum.
6. Annað sem hópurinn telur skipta máli.

Stýrihópurinn skipa:

Aron Leví Beck, Samfylkingunni.
Alexandra Briem, Pírötum.
Kolbrún Baldursdóttir, Flokki fólksins.
Berglind Eyjólfsdóttir, Öldungaráð

Starfsmaður starfshópsins:

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, velferðarsvið.

Til ráðgjafar:

Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Til ráðgjafar við hópinn verða Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði og Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.

Til samráðs:

Stýrihópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins.

Starfstími:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok júní 2020.

Reykjavík, 15. janúar 2019

Regína Ásvaldsdóttir

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps vegna undirbúnings fyrir stefnumótun um þróun félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara.